

sagnar starfsmanna, þar á meðal hvort uppsagnir stafi af verkefnaskorti eða af öðrum ástæðum, sem gerð sé grein fyrir.

## 10. gr.

Vinnumálaskrifstofan skal gera tillögur um úrbætur í atvinnumálum eftir því sem tilefni gefst til hverju sinni. Slíkar tillögur geta snert einstakar starfsgreinar, einstaka landshluta eða landið í heild, eftir því sem við á í hverju tilfalli.

Tillögur um úrbætur í atvinnumálum skulu, eftir því sem við á, gerðar í samráði við aðila vinnumarkaðarins, samtök einstakra starfsgreina og hlutaðeigandi sveitarstjórnir. Tillögunum skal fylgja ýtarleg greinargerð um það atvinnuástand, sem úr á að bæta, fjölda þeirra atvinnutækifæra, sem fyrirhugaðar aðgerðir skapa svo og um áætlaðan kostnað við úrbæturnar.

Opinberar stofnanir á sviði efnahags- og atvinnumála skulu veita vinnumálaskrifstofunni þær upplýsingar og aðstoð sem hún fer fram á og þær geta af hendi látið.

## 11. gr.

Auk þeirra verkefna, sem greind eru í 54. gr. laga nr. 13/1979, skal vinnumálaskrifstofan fara með mál er varða ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot sbr. lög nr. 31/1974 með síðari breytingum.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 13 frá 10. apríl 1979 um stjórn efnahagsmála o. fl., öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytið, 8. janúar 1980.*

**Magnús H. Magnússon.**

*Hallgrímur Dalberg.*

**SAMPYKKT****um hundahald í Hafnahreppi.**

## 1. gr.

Hundahald er aðeins heimilt á lögbýlum í Hafnahreppi.

## 2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum í sveitarfélaginu, sem ekki búa á lögbýlum, undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu sveitarfélagsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- b) Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem hreppsnefnd ákveður fyrir eitt ár í senn, skal standa undir kostnaði við eftirlit með þessum hundum og skráningu.
- c) Skyld er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýnir að tryggingin sé í fullu gildi. Gjaldldagi leyfisgjaldsins er 1. júlí ár hvert.

- d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannaferi, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt, að fara með hunda inn í skólahús, matvöruverslanir, fiskvinnsluhús eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.
- e) Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski eigi ró íbúa sveitarfélagsins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um sveitarfélagið fara, til óþæginda.
- f) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts) svo og fyrir mælum, sem heilbrigðisnefnd setur.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

### 3. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Hafnahrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. janúar 1980.*

F. h. r.

**Páll Sigurðsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

um breyting á samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Reykjavík o. fl.  
nr. 137 26. júlí 1971.

Fyrir leyfi skv. 4. gr. skal greiða gjald í borgarsjóð kr. 360 000 á ári. Gjald dagar eru 15. janúar og 15. júlí ár hvert. Þegar leyfisgjald er greitt fær leyfishafi greiðsluviðurkenningu, sem geyma ber á sölustað, yfirvöldum til sýnis, ef óskað er.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 17. 1. febrúar 1938 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 8. janúar 1980.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*